

Umbrot á ástandsskýrslunni 2015

Kynning á hugmyndum fyrir TAC-nefnd

Árni Magnússon og Sigurður Þ. Jónsson

2. október 2014

Undanfarin ár hafa komið upp sífellt erfiðari vandamál við notkun MS Office (Publisher og Word) við umbrot ástandsskýrslunnar:

1. Gráu töflurnar í Publisher brotna þegar nýtt ár bætist við og erfitt er að koma þeim aftur saman.
2. Allar stillingar í Publisher eru staðværar (local) og eiga við einn ákveðinn hlut. Af þessum sökum skapast oft misræmi í útliti milli hluta, málsgreina, blaðsíðna og kafla.
3. Undanfarin ár hefur töflukaflinn í Word verið það brothættur að það er ekki hægt að opna hann, breyta einhverju og vista, nema eiga á hættu að skjalið skemmist.
4. Tveggja dálka uppsetning er þung í vöfum. Mikil vinna ritstjórnar fer í að staðsetja myndir og töflur á milli og innan málsgreina, handstillta lóðrétt bil til að jafna dálka og vinna með töflur sem hafa fyrirfram ákveðna breidd.

Að minnsta kosti þrjú valkostir koma til greina sem gætu auðveldað vinnu við umbrot skýrslunnar og hugsanlega fært skýrsluna í vefvænni búning:

L^AT_EX

Skrifa skýrsluna í L^AT_EX og gefa út sem PDF. Búið er að útbúa **hafrorep** klasa með altækum (global) útlitsstillingum sem stýra samræmdu útliti allra kafla. Með klasanum fylgja skipanir sem flýta fyrir umbrotsvinnu og gera frumskjalið læsilegra.

PDF skjalið gæti byggt á sömu uppsetningu og áður (tveggja dálka), sem myndi bæta úr vandamálum 1–3 að ofan. Með því að skipta yfir í dálkalausar uppsetningu mætti leysa vandamál 4 og nota innbyggð L^AT_EX algrím til að raða töflum og myndum haganlega á blaðsíður ásamt textanum.

HTML

Skrifa skýrsluna í HTML og dreifa eingöngu á vefnum. HTML formið hentar ekki til prentunar, en að sumra mati hentar það betur en PDF formið til að birta skýrslu á borð við Ástandsskýrsluna.

Fyrir kaflahöfunda og ritstjóra er örlítið auðveldara að vinna með HTML heldur en L^AT_EX en munurinn er í raun lítill vegna **hafrorep** klasans. Spurningin snýst fyrst og fremst um hvort HTML eða PDF eigi betur við til að dreifa Ástandsskýrslunni til lengri tíma litið.

L^AT_EX og HTML

Ef skýrslan er skrifuð í L^AT_EX og gefin út sem PDF, þá má þýða L^AT_EX skjölin yfir á HTML form fljótlega eftir að PDF útgáfan kemur út. Þetta yrði sumarvinna, sambærileg við ensku þýðingu skýrslunnar á síðustu árum. Með því að þýða handvirkt (eða hálf-sjálfvirkt) verður útkoman bæði hágæða PDF og hágæða HTML.

Til eru alsjálfvirkar leiðir til að útbúa samhliða L^AT_EX og HTML skjöl, t.d. með R Markdown og pandoc. Niðurstöður tilrauna sýna að slík tól bjóða hins vegar aðeins upp á takmarkaðar útlitsstillingar. Þau henta því betur fyrir vinnupappíra heldur en Ástandsskýrsluna, nema við séum tilbúin að slá verulega af útlitskröfum.